

Borgarráð

Stefna í atvinnu og virknimálum fyrir fólk með skerta starfsgetu.

Lagt er til að tillögum í minnisblaði frá stýrihópi um heildstæða frítímaþjónustu og atvinnumál fyrir fötluð ungmenni verði vísað til stýrihóps um atvinnu- og virkniúrræði á vegum Reykjavíkurborgar. Stýrihópnum verði falið að móta stefnu í atvinnu- og virknimálum fyrir fólk með skerta starfsgetu. Byggt verði á viljayfirlýsingu Sambands íslenskra sveitarfélaga, velferðarráðuneytis og Vinnumálastofnunar um framtíðarskipan atvinnumála fatlaðs fólks. Þá verði byggt á þeirri reynslu sem hlotist hefur af þeim fjölmörgu atvinnu- og virkniúrræðum sem borgin hefur leitt og tekið þátt í. Lögð verði áhersla á að stefnan nái til þess hvernig Reykjavíkurborg styðji við starfsfólk sem vegna veikinda þarf að breyta um starfsvettvang og hvernig bjóða megi fólki sem farið er á eftirlaun, störf á vegum Reykjavíkurborgar. Lögð verði áhersla á að taka tillit til mismunandi getu fólks í störfum hjá Reykjavíkurborg. Jafnframt eru lögð fram til staðfestingar borgarráðs drög að erindisbréfi stýrihóps um atvinnu- og virkniúrræði á vegum Reykjavíkurborgar og óskað eftir því að borgarráð skipi fulltrúa í hópinn.

Greinargerð:

Mikilvægt er að Reykjavíkurborg sé með skýra stefnu í atvinnumálum og að í þeirri stefnu komi fram mikilvægi þess að fjölbreytni samfélagsins endurspeglit í starfsmannahópi Reykjavíkurborgar. Fatlað fólk með fulla starfshæfni á rétt á forgangi í starf hjá ríki og sveitarfélögum sé það jafn hæft og aðrir umsækjendur. Leitast skal við að veita fötluðum starfsmönnum Reykjavíkurborgar þann sveigjanleika í starfi sem þeir þurfa, og mögulegur er, til að geta stundað vinnu. Vinna skal að því að fjölga starfsmönnum með AMS samning hjá Reykjavík og atvinnutækifærum í samstarfi við fyrirtæki í Reykjavík. Atvinnuúrræði þurfa að vera þannig að þau stuðli að því að hæfileikar hvers og eins nýtist sem best og að sjálfsákvörðunarréttur einstaklinga sé virtur.

Lagt er til að í stefnumótun í atvinnumálum fatlaðra verði horft til mismunandi getu fólks og byggt verði á viljayfirlýsingu Sambands íslenskra sveitarfélaga, velferðarráðuneytis og Vinnumálastofnunar um framtíðarskiptan atvinnumála fatlaðs fólks. Gera þarf tillögu að uppbyggingaráætlun fyrir fjölbreytt atvinnuúrræði, sem gangi út á að tryggja að atvinnuúrræði standi til boða fyrir Reykvíklinga með starfshæfni og með þörf fyrir hæfingartengda þjónustu sem er samkvæmt viljayfirlýsingunni hlutverk sveitarfélaga. Stuðla þarf að tengingum við atvinnulífið, hreyfanleika fólks milli vinnustaða. Mikilvægt er að efla starfsþróun og auka möguleika fólks í hæfingartengd atvinnuúrræði á að komast í AMS eða á almennan vinnumarkað með stuðning frá sínum hæfingartengda vinnustað.

Greina þarf möguleika starfsstaða Reykjavíkurborgar á að ráða til sín fólk með skerta starfshæfni, setja fram áætlun um fjölgun starfsmanna, vinna kostnaðarmat og gera tillögur að fjölgun starfstengdra úrræða til borgarráðs. Til að auka líkur á góðum árangri af slíkum ráðningum er mikilvægt að stjórnendur og samstarfsfólk fái leiðsögn og fræðsluefni bæði um hvernig má koma til móts við starfsmanninn og hvernig starfsþjálfun geti verið háttáð.

Greina þarf möguleika á því að finna starfsmönnum Reykjavíkurborgar, sem þurfa að láta af störfum af heilsufarsástæðum, ný störf sem þeir geta sinnt. Setja þarf fram áætlun, gera drög að verklagsreglum og vinna kostnaðarmat. Stuðla þarf að samstarfi við Virk, starfsendurhæfingu, til þess að styðja við starfsmenn inn í ný störf.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Minnisblað frá stýrihóp um heildstæða frítímapjónustu og atvinnumál fyrir fötluð ungmenni, dags. 29. febrúar 2016.

Minnisblað

Efni: Atvinnumál fatlaðs fólks í Reykjavík


Til: Borgarstjóra

Frá: Stýrihóp um heildstæða frítímaþjónustu og atvinnumál fyrir fötluð ungmenni

Stýrihóp um heildstæða frítímaþjónustu og atvinnumál fyrir fötluð ungmenni skipa: Heiða Björg Hilmisdóttir, Eva Einarsdóttir og Börkur Gunnarsson. Eftir samráð við marga af starfsmönnum borgarinnar, hagsmunaaðila og heimsóknir á vinnustaði fatlaðs fólks var niðurstaðan að erfitt er að horfa á atvinnumál ungs fólks án þess að ávarpa málaflokkinn í heild. Það er gert með þessu minnisblaði og tillögum sem því fylgja. Stýrihópurinn mun skila lokaskýrslu vorið 2016 og þar verður áhersla á frístundaþjónustu.

Frá yfirfærslu málaflokks fatlaðs fólks til sveitarfélaga hefur verið ákveðin biðstaða þar sem óljóst var hver bæri ábyrgð á atvinnumálum þessa hóps. Með „viljayfirlýsingu um framtíðarskipan atvinnamála fatlaðs fólks“ sem Velferðarráðuneyti, Vinnumálastofnun og Samband íslenskra sveitarfélaga undirrituðu í desember 2015 voru hlutverk og ábyrgð skilgreind. Samkvæmt viljayfirlýsingunni mun Vinnumálastofnun sjá um almennar vinnumarkaðsaðgerðir, verndaða vinnustaði, starfsþjálfun, atvinnu með stuðningi og aðra atvinnutengda endurhæfingu en sveitarfélögin annast framkvæmd vinnumarkaðsaðgerða sem tengjast iðju og hæfingu og starfrækslu „blandaðra“ vinnustaða iðju, hæfingar og verndaðrar vinnu. Áhersla er lögð á að litið sé á á alla atvinnu- og hæfingartengda þjónustu sem eina heild og að framkvæmd þessarar þjónustu verði öll skilgreind sem vinnumarkaðsúrræði. Þetta er í samræmi við grundvallarhugmyndafræði samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks um að skapa eitt samfélag fyrir alla, án aðgreiningar og þá hugmyndafræði sem unnið hefur verið eftir í Reykjavík; „Öll virkni er vinna“. Samkvæmt samkomulaginu er nú aðgengi að öllum atvinnutengdum aðgerðum á sama stað fyrir alla Íslendinga og þær eru samkvæmt lögum á verksviði Vinnumálastofnunar. Vinnumálastofnun skal meta þörf á vinnumarkaðsaðgerðum og skipuleggja og sjá um framkvæmd þeirra eða gera samninga við aðra aðila um að reka úrræðin.

Einstaklingur með fötlun sendir samkvæmt núverandi samkomulagi inn umsókn til Vinnumálastofnunar, þar er starfsfærni metin og umsókn beint á þær brautir sem við eiga. Á meðfylgjandi mynd má sjá hvaða leiðir eru til staðar, það sem er fjólublátt á myndinni er almennur markaður, blátt er á vegum ríkis, rautt er á vegum Reykjavíkur. Örvagnar merkja að það er hreyfing á milli úrræða eða vinnustaða en hún er þó mismikil. Ef umsækjandi með fötlun fær enga eða mjög litla vinnu er líklegra að hans starfshæfni minnki.



1. **Full starfshæfni** – sama þjónusta og aðrir atvinnuleitendur. Fatlað fólk á að hafa forgang á starfi hjá ríki og sveitarfélögum ef það er jafn hæft og aðrir umsækjendur.
2. **Takmörkuð Starfshæfni**
 - a. **Atvinna með stuðningi (AMS).** Starfsendurhæfing þar sem stuðningur kemur með einstakling inn á vinnustað, vinnumálastofnun ber ábyrgð á að finna samstarfsaðila og gera samning. Kostnaður vegna AMS greiðist úr ríkissjóði og frá starfsstað viðkomandi.
 - b. **Verndaður vinnustaður.** Launuð starfsþjálfun með það að markmiði að geta starfað á alm. vinnumarkaði eða launuð föst störf. Kostnaður vegna verndaðrar vinnu greiðist úr ríkissjóði.
3. **Mjög takmörkuð starfshæfni.** Þeir sem hafa minnsta getu til að starfa á almennum vinnumarkaði eiga rétt á félagslegri-, starfs- og endurhæfingu á sérstökum hæfingarvinnustöðum. Þarna undir falla líka dagvistarstofnanir sem geta veitt þroskaþjálfun, iðjuþjálfun og/eða starfsþjálfun.

Vinnumálastofnun á að tryggja starfshæfnimat á umsækjendum og að fötluðu fólki sé vísað í vinnu eða úrræði samkvæmt því mati og að fólk geti flust á milli flokka ef starfshæfni breytist. Skortur á möguleikum fatlaðs fólks til atvinnu á sér ýmsar ástæður en mikilvægt er að höfða til samfélagslegrar ábyrgðar atvinnurekenda og hvetja til þess að fatlað fólk fái fleiri tækifæri til að nýta hæfileika sína á vinnumarkaði. Jafnframt er mikilvægt að Reykjavíkurborg sem atvinnurekandi og ábyrgt stjórnvald skapi fleiri störf sem henta þörfum fólks með skerta starfsgetu,

hluta örorku eða fötlun, þar sem hægt er að aðlaga tímafjölda eða aðstöðu. Með þessu myndu skapast fleiri fordæmi í samfélaginu þar sem fatlað fólk eða fólk með skerta starfsgetu vinnur og þannig getur borgin orðið hreyfiafl breytinga á lífsgæðum fatlaðs fólks í Reykjavík. Erfitt er að meta nákvæmlega hve margir starfsmenn eru með fatlanir sem vinna hjá Reykjavíkurborg enda er ekki sérstaklega haldið utan um það. Reykjavíkurborg styrkir fjölda úrræða sem eru einskonar starfsendurhæfing fyrir fólk í þessum flokki í gegnum Velferðarsvið.

AMS og vernduð vinna

Í október 2015 voru 179 Reykvíkingar skráðir í starfi í dag á vegum AMS og 151 umsóknir mislangt á veg komnar en flestar eru alveg á bið. Einhverjir eru í starfspjálfun en ekki komnir i starf, aðrir í Örva eða í vinnu og óska eftir annarri vinnu. Svo er þó nokkur hópur sem er ekki á leið inn á almennan vinnumarkað og þyrfti að fá vinnu á vernduðum vinnustað. Það er á ábyrgð ríkisins að byggja upp slíka vinnustaði. AMS samning. Reykjavík hefur sett 25 mkr í mótframlag til starfsstöðva sem ráða fólk með þessum hætti og það eru um 20 manns á hverjum tíma sem eru með AMS samning sem er niðurgreiddur í gegnum atvinnumálapott. Aðrir 20 starfsmenn eru með AMS samning en hafa ekki fengið niðurgreiðslu úr atvinnumálapotti. Hver AMS ráðning kostar Reykjavíkurborg á bilinu 1 – 2 mkr á ári, og þessir starfsmenn eru að vinna margvísleg störf.

Hæfingartengd vinna

Ábyrgð Reykjavíkur er að sjá um vinnuúrræði fyrir fólk með mjög skerta starfsgetu. Þar sem óvissa hefur ríkt um framtíðarfyrirkomulag hefur lítið verið byggt upp af hæfingartengdum úrræðum í Reykjavík og mikilvægt að gera áætlun þar um. Til að reyna að koma til móts við flesta hefur verið farið í það að bjóða fjölda fólks mjög takmarkaða vinnu en til að gæta jafnræðis þá þyrfti að bjóða öllum það sama og það þyrftu að standa til fjölbreyttari vinnutækifæri. Biðlisti má ekki skapast eftir hæfingartengdri vinnu því þarna er um að ræða mjög viðkvæman hóp sem ekki hefur aðra möguleika og starfshæfni getur hrakað mjög og jafnvel skapast þörf fyrir enn umfangsmeiri þjónustu frá Reykjavík.

Í dag eru á biðlista um 30 manns, þar af 15 til 20 Reykvíkingar, sem fá ekki neina hæfingartengda vinnu. Þar fyrir utan eru 10 sem sækja það stíft að fá meiri vinnu en stór hópur fólks óskar þess. Nýgengi í þessum hóp eru 10 manns á ári, það er þeir sem útskrifast úr framhaldsskóla og eru í þessum hópi, og um það bil 2 pláss losna að meðaltali á ári þar sem hreyfanleiki milli úrræða er lítill. Það er því komin upp sú staða að brýnt er að byggja upp hæfingartengd vinnuúrræði til að Reykjavík geti staðið undir skuldbindingum sínum hvað varðar atvinnu fatlaðs fólks sem þarf sérhæfðustu úrræðin. Velferðarsvið rekur öll hæfingartengdu vinnuúrræðin í Reykjavík en þau eru samtals 6. Það eru Gylfaflöt, Iðjuberg og úrræði Áss styrktarfélags sem eru Lyngás, Lækjarás, Bjarkarás og Ás vinnustofa. Notendur af

Þjónustusvæði Reykjavíkurborgar og Seltjarnarness nýta líka rými í Ásgarði í Mosfellsbæ. Einnig eru einhverjir í vinnu á Dalvegi, í Fannborg og í Örva í Kópavogi og í Bæjarhrauni í Hafnarfirði. Reykjavíkurborg þarf einnig samkvæmt samningi að leigja nokkur rými hjá Ási til annarra sveitarfélaga. Þróun hæfingatengdra úrræða, dagþjónustu, starfsemi vinnustaða fyrir fatlað fólk hefur verið í þá átt að auka fjölbreytni og hreyfanleika fólks á milli staða og að einstaklingurinn geti valið sem mest hverju hann vill sinna. Starfshæfing hefur það að markmiði að auka starfshæfni fólks svo það geti unnið á vernduðum vinnustað eða á almennum markaði með stuðningi. Vöntun hefur verið á verkefnum fyrir starfshæfingarhlutann og mikilvægt að Reykjavíkurborg skoði hvort einhver verkefni séu innan borgarinnar sem þessir vinnustaðir gætu unnið. Starfsfólk fer einnig út frá þessum vinnustöðum og inn á almenna vinnustaði og mjög gagnlegt væri ef fleiri slík tækifæri sköpuðust í Reykjavík.

Atvinnutækifæri fatlaðs fólks

Öryrkjabandalag Íslands birti niðurstöður rannsóknar á högum fatlaðs fólks og öryrkja 2014. Samkvæmt henni er tæplega helmingur þess hóps utan vinnumarkaðar, náms eða dagþjónustu, um fimmtungur sagðist vera í launaðri vinnu án stuðnings, um 12% í endurhæfingu og um 9% sögðust vera í skóla. Væntingar yngra fólks með fatlanir eru aðrar en áður hafa verið. Um 30 til 40 reykvísk ungmenni útskrifast úr framhaldsskóla og þau vænta þess að fara í vinnu eða nám. Einhver þeirra komast í háskólanám og reynt hefur verið að koma til móts við þau sem þurfa hæfingatengd úrræði og búa hjá foreldrum en kannski helmingur þeirra er í hættu að fá ekki vinnu. Það er í raun sóun á vinnukrafti og hæfileikum þessa unga fólks að nýta ekki þeirra þekkingu. Biðlistar eru eftir að fá atvinnu með stuðningi, verndaðir vinnustaðir fyrir fatlað fólk henta sumum en þar þarf að fara fram vinna við hæfi þeirra sem þar eru. Uppbygging á slíkum vinnustöðum er á ábyrgð ríkisins. Reykjavíkurborg gæti komið með tillögu að slíkri uppbyggingu en heppilegra er að finna störf við hæfi þessa fólks úti í atvinnulífinu.

Niðurstaða

Reykjavíkurborg ber ábyrgð á atvinnumálum fatlaðs fólks með mjög takmarkaða starfsgetu og þarf að leggja áherslu á að gera áætlun um hvernig hún ætlar að mæta aukinni þörf eftir hæfingatengdum úrræðum og vinnu fyrir þann hóp fólks.

Fatlað fólk í atvinnuleit í Reykjavík 2016		
Hæfingat. Biðlisti		20
bið aukin %		10
nýgengi á ári		8
fjöldi alls		38
áætlaður Kostnaður	1 stg	6 mkr
áætlaður Kostnaður	alls	228 mkr
AMS Biðlisti		151
Reykjavík	1 stg	1,2 mkr
Atvinnuþottur í dag	20 stg	24 mkr
Ef Reykavík	40 stg	48 mkr
Ef Reykavík	60 stg	72 mkr
Ef Reykavík	80 stg	96 mkr
Ef Reykavík	151stg	181,2 mkr

Ef þörf allra verður mætt má áætla að það auki kostnað um tæpar 230 mkr á ársgrundvelli ef framkvæmdin er með þeim hætti eins og sjá má á meðfylgjandi töflu Það getur hins vegar orðið til þess að það fækki í hópnum þar sem fleiri tækifæri til starfshæfni mundu skapast og minni bið væri. Mikilvægt er að huga að elsta hópnum sem þarf sérhæfða þjónustu en getur ekki tekið þátt í almennu félagsstarfi í Reykjavík.

Reykjavíkurborg ber samfélagslega ábyrgð á að taka þátt í að móta samfélag þar sem allir íbúar hafa tækifæri til að leggja sitt af mörkum og taka þátt.

Tillögur stýrihóps um atvinnumál fatlaðs fólks

Lagt er til að í stefnumótun í atvinnumálum fatlaðra verði horft til mismunandi getu fólks og byggt verði á viljayfirlýsingu Sambands íslenskra sveitarfélaga, Velferðarráðuneytis og Vinnumálastofnunar um framtíðarskiptan atvinnumála fatlaðs fólks.

1. Í stefnu Reykjavíkurborgar í atvinnumálum komi fram:

Fjölbreytni samfélagsins endurspeglast í starfsmannahóp Reykjavíkurborgar. Starfsmenn Reykjavíkurborgar sem eru með fatlanir fá þann sveigjanleika í starfi sem þeir þurfa, og mögulegur er, til að geta stundað vinnu. Í framtíðarskiptan atvinnumála fatlaðs fólks er hæfingatengd vinna í forgangi í samræmi við viljayfirlýsingu Sambands íslenskra sveitarfélaga, Velferðarráðuneytis og Vinnumálastofnunar. Reykjavíkurborg forgangsraðar hæfingatengdri vinnu þannig að fötluð Reykvísk ungmenni sem þurfa hæfingatengda vinnu fái starf eftir útskrift af starfsbraut framhaldsskóla. Atvinnuúrræði þurfa að vera þannig að þau stuðli að því að hæfileikar hvers og eins nýtist sem best og að sjálfsákvörðunarréttur einstaklinga sé virtur. Unnið er að því að fjölga starfsmönnum með AMS samning hjá Reykjavík. Fatlað fólk með fulla starfshæfni á að hafa forgang á starfi hjá ríki og sveitarfélögum ef það er jafn hæft og aðrir umsækjendur.

2. Skipaður verði starfshópur til að vinna þarfagreiningu og uppbyggingaráætlun.

Starfshópurinn skipi fulltrúar frá Velferðarsviði, atvinnumáladeild, mannréttindaskrifstofu og rannsóknarsetri í fötunarfræðum eða hagsmunaaðilum. Starfshópurinn skili eftirtöldum tillögum til borgarráðs með kostnaðar og tímaáætlun fyrir 1. október 2016.

- Greina þörf á atvinnuuppbyggingu fyrir Reykvíkinga með mjög skerta starfshæfni.
- Gera tillögu að uppbyggingaráætlun fyrir fjölbreytt atvinnuúrræði, sem gangi út á að tryggja að atvinnuúrræði standi til boða fyrir Reykvíkinga með mjög skerta starfshæfni.
- Tillögur að nýjum atvinnuúrræðum þurfa að vera þannig að þau stuðli að því að hæfileikar hvers og eins nýtist sem best og að þeim sé gert mögulegt að velja milli verkefna innan vinnustaðar, og jafnvel skipta um starf á starfsævinni.
- Að efla starfsþróun og auka möguleika fólks í hæfingartengd atvinnuúrræði á að komast í AMS eða á almennan vinnumarkað með stuðning frá sínum hæfingartengda vinnustað.
- Greina þörf á félagsstarfi fyrir aldraða fatlaða Reykvíkinga, m.a. þá sem eru í hæfingatengdri vinnu í dag en eru komnir á aldur.

3. Könnun og áætlun um fjölgun starfsmanna með fatlanir

Atvinnumáladeild geri í samstarfi við atvinnumálahóp könnun meðal allra starfsstaða Reykjavíkurborgar um möguleika á að ráða til sín fólk með skerta starfshæfni. Móti áætlun um fjölgun starfsmanna, meti kostnað og skili tillögum til Borgarráðs fyrir 1. október 2016

4. Fræðsluefni

Mannréttindaskrifstofa útbúi fræðsluefni sem hugsað er sem stuðningur við yfirmenn og samstarfsfólk fatlaðs einstaklings og mannauðsdeild og mannréttindaskrifstofa veiti ráðgjöf við ráðningar fatlaðra starfsmanna.

Fyrir hönd stýrihóps þann 29. febrúar 2016, Heiða Björg Hilmisdóttir